



Íslenska kalkþörungafélagið ehf  
Hafnarteigi 4  
465 Bíldudalur

Reykjavík 19. apríl 2011

## Áminning og krafa um úrbætur vegna brota á starfsleyfi

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 9. júní 2010, þar sem Íslenska Kalkþörungafélaginu ehf. var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum varðandi áform stofnunarinnar að veita fyrirtækinu áminningu og krafna um úrbætur vegna brota á tilteknum ákvæðum starfsleyfis fyrirtækisins, útgefnu 12. júlí 2006. Umhverfisstofnun hefur móttækið svar fyrirtækisins, dags. 28. júní 2010, sem og aðrar upplýsingar frá fyrirtækinu í kjölfar reglubundins eftirlits stofnunarinnar með fyrirtækinu.

Við reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar með starfsemi Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. árin 2008 og 2009 komu fram nokkur atriði sem ekki eru í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Í bréfum Umhverfisstofnunar, dags. 1. október 2008 og 21. desember 2009, voru tilgreind atriði sem ekki voru í samræmi við ákvæði starfsleyfi og fyrirtækið þurfti að ráða bót á.

Samkvæmt ákvæði 2.1 í starfsleyfi skal rykmagn í útblásturslofti, sem berst út í andrúmsloftið, fyrir klukkustundar meðalgildi vera minna en  $20 \text{ mg/Nm}^3$  miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi uppsprettu. Mælingar á rykmagni árið 2008 sýndu að ryklosun var  $1.151 \text{ mg/Nm}^3$ .

Í svörum fyrirtækisins þann 28. júní 2010 kom fram að mælingar á rykmagni í september 2009 voru  $19 \text{ mg/Nm}^3$  skömmu eftir endurnýjun poka í ryksúbúnaði.

Allmargar kvartanir hafa borist Umhverfisstofnun vegna rykmengunar frá verksmiðjunni frá því hún tók til starfa, aðallega vorið 2010. Alls hafa Umhverfisstofnun borist um 30 kvartanir vegna fyrirtækisins. Síðasta kvörtun barst 29. mars 2011. Að mati Umhverfisstofnunar er ástandið langt frá því að teljast viðunandi.

Í tölvupósti frá fyrirtækinu, dags. 3. júní 2010, kemur fram að í ljósi vandræða vegna mengunar frá útblæstri frá kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal hafi fyrirtækið ákveðið að setja upp vothreinsibúnað, sbr. nánari lýsingu og teikningu í tölvupóstinum. Jafnframt var tilgreint að áætlað væri að búnaðurinn yrði kominn eftir þrjár til fjórar vikur.

Í erindi fyrirtækisins, dags. 28. júní 2010, er síðan áréttað að unnið sé að endurbótum á rykhreinsibúnaði verksmiðjunnar. Staðfest var í eftirliti dags. 28. júlí 2010 að búnaðurinn var kominn upp að hluta en að beðið væri afgreiðslu á því sem á vantaði. Í erindi fyrirtækisins til Umhverfisstofnunar, dags. 14. janúar 2011, kemur fram að stöðugt hafi verið unnið að endurbótum á rykhreinsibúnaði og að rykmagn í útblæstri hafi minnkað verulega. Jafnframt að áfram verði unnið að breytingum og endurnýjun á rykhreinsibúnaði.

Þann 18. apríl sl. bárust til Umhverfisstofnunar niðurstöður mælinga sem teknar voru 24. mars sl á rykmagni frá Íslenska Kalkþörungafélaginu. Samkvæmt þeim mælingum er rykmagn frá starfsemi enn vel yfir mörkum þrátt fyrir að fyrirtækið hafi unnið að úrbótum á annað ár.

Í ljósi framanritaðs fer Umhverfisstofnun fram á að settur verði upp fullnægjandi hreinsibúnaður eða aðrar fullnægjandi ráðstafanir gerðar sem dragi úr magni ryks í útblæstri stöðvarinnar þannig að losunarmörk fyrir ryk skv. starfsleyfi verði náð.



Samkvæmt ákvæði 3.1 í starfsleyfi skal mæla svifagnir í setlóni og sjó tvisvar á ári eftir dælingu hráefnis. Slíkar mælingar fóru ekki fram árin 2008 og 2009. Umhverfisstofnun hefur hins vegar borist mæling á svifögnum í sjó þann 9. september 2010.

Í athugasemdum rekstraraðila, dags. 28. júní 2010, kemur fram að þetta hafi ekki verið gert hvað setlónið varðar þar sem það er fullt af hráefni eftir hverja dælingarlotu og því ekki um neinar svifagnir að ræða. Svifagnir í sjónum utan við setlónið hverfa mjög fljótt eftir að dælingu er lokið og eru skv. skynmati hverfandi litlar eða engar eftir það og þaragróður með eðlilegu móti á varnargarði. Í svörum fyrirtækisins, dags. 14. janúar 2011, kemur enn fremur fram að svifagnir voru mældar umhverfis setlónið í ágúst 2010 og verða framvegis framkvæmdar eftir dælingu hráefnis.

Umhverfisstofnun telur rétt að benda á að mæla skal svifagnir í setlóni og sjó tvisvar á ári eftir dælingu hráefnis, sbr. grein 3.1 í starfsleyfinu. Umhverfisstofnun lítur svo á í svörum fyrirtækisins, dags. 14. janúar 2011, hafi fyrirtækið tilkynnt að framvegis verði gerðar mælingar á svifögnum tvisvar á ári eftir dælingu hráefnis. Umhverfisstofnun telur miðað við þessar ráðstafanir sé ekki tilefni til að knýja á um frekari úrbætur varðandi þetta skilyrði.

Samkvæmt ákvæði 3.1 í starfsleyfi skal mæla rykmagn árlega. Umhverfisstofnun bærust ekki niðurstöður mælinga fyrir árið 2010 enda fór slík mæling ekki fram samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar. Í svörum fyrirtækisins frá 14. janúar 2011 kom fram að mæling myndi fara fram á næstu dögum en eins og áður sagði fóru þær ekki fram fyrr en í lok mars.

Umhverfisstofnun ítrekar ábendingar um að mæla skal rykmagn árlega. Samkvæmt framansögðu er ljóst að fyrirtækið hefur brotið gegn ákvæði greinar 3.1 í starfsleyfinu árið 2010.

Af framangreindu er það niðurstaða Umhverfisstofnunar að Íslenska Kalkþörungafélagið ehf. hafi ekki sýnt fram á fullnægjandi úrbætur vegna þeirra atriða sem komu fram í bréfi Umhverfisstofnunar dags. 9. júní 2010, sbr. og athugasemdir í kjölfar eftirlits 28. júlí 2010 og 23. nóvember 2010.

Umhverfisstofnun veitir hér með Íslenska Kalkþörungafélaginu ehf. áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem losunarmörk starfsleyfis eru ekki uppfyllt, sbr. ákvæði 2.1. Jafnframt gerir Umhverfisstofnun kröfu um að rekstraraðili setji upp fullnægjandi hreinsibúnað eða hafi gert aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að ákvæði starfsleyfis séu uppfyllt fyrir 15. júní nk. Enn fremur skal rekstraraðili framkvæma mælingar á rykmagni eigi síðar en 1. júlí 2011 og senda niðurstöður þessara mælinga til Umhverfisstofnunar eins fljótt og unnt er en eigi síðar en 1. ágúst 2011. Umhverfisstofnun vill benda á að stofnuninni er heimilt að leggja dagsektir á fyrirtækið, allt að 500.000 kr. á dag, sinni fyrirtækið ekki úrbótum innan framangreinds frests.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda samkvæmt lögnum til úrskurðarnefndar. Skal kærán borin fram við nefndina innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

*Bréfið undirritað af Sigrúnu Ágústsdóttur sviðsstjóra og Kristjáni Geirssyni deildarstjóra*